

apríl 1953 um það kunnugt, að Gústaf A. Sveinsson hrl. var umboðsmaður h/f Bjólfs og að hann krafðist greiðslu á innstæðu félagsins. Þrátt fyrir þetta afhendir Magnús Thorlacius hrl. Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. innstæðuna. Með því að svara ekki áminnztu ábyrgðarbréfi Gústafs A. Sveinssonar hrl. frá 9. apríl 1953 á fullnægjandi hátt og með því að greiða af hendi innstæðu h/f Bjólfs til annars lögmanns, þótt vitneskja lægi fyrir um, að fjárhæðina ætti að afhenda Gústaf A. Sveinssyni hrl., hefur Magnús Thorlacius hrl. gerzt sekur um ámælisverða háttsemi í starfi sínu, sbr. 8. gr. 1. 61/1942. Þykir þó ekki ástæða til þess að beita um þessa háttsemi hans sektum, heldur áminningu.

#### Ályktarorð:

Framangreind háttsemi Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns telst ámælisverð.

Úrskurður þessi er upp kveðinn og málið rannsakað af stjórn Lögmannafélagsins, varaformanni félagsins, Einari B. Guðmundssyni hrl., og þeim Agli Sigurgeirssyni hrl., féhirði félagsins, og Ágústi Fjeldsted hdl., ritara þess.

Föstudaginn 5. febrúar 1954.

Nr. 149/1953. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Gaston Heinderson** (Lárus Fjeldsted).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Fiskveiðabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins við dufl það, er varðskipsmenn settu í sjó hjá skipi

ákærða. Reyndist staður sá, sem yfirmenn varðskipsins mældu við duflið með tvöfaldri hornamælingu hinn 24. júní 1953 kl. 21.50, vera 0.9 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Eins og í héraðsdómi greinir, taldi skipherra varðskipsins stað þenna 1.3 sjóm. innan greindra marka. Skipherrann hefur nú fyrir dómi lýst því, að niðurstaða skólastjórans sé rétt og stafi mismunurinn af því, að sjóuppráttur varðskipsins, sem staðurinn var fyrst markaður á, hafi verið velktur.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum, og varðar það brot hans við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 og 1. gr. laga nr. 5/1951 svo og 1. gr. laga nr. 4/1924. Með hliðsjón af því, að gullgengi krónunnar hefur ekki breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans að öðru en því, að varðhald 7 mánuði komi í stað sektar ákærða, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að varðhald 7 mánuði komi í stað sektar ákærða, Gastons Heindersons, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 26. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn Gaston Heinderson, skipstjóra á belgiska togaranum Edison, O. 86, frá Ostende, með ákæruskjali, út gefnu af bæjar-

fógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum þriðjudaginn 23. júní 1953 suðvestur af Tvískerjum um 1.3 sjómíllur innan landhelgislínu samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Þær kröfur eru gerðar af ákærvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkv. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Gaston Heinderson, skipstjóri á b/v Edison, O. 86, er fæddur í Bouzigues í Frakklandi 30. ágúst 1918 og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt neinni kæru eða refsingu hér á landi.

Þriðjudaginn 23. júní 1953 var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð austur með landi. Um kvöldið var varðskipið stutt út af Tvískerjum og sá þá togara á bakborða, er samkvæmt leiðarreikningi varðskipsins reyndist vera í landhelgi. Skyggni var slæmt, og sást ekkert til lands. Kl. 23.55 beygði varðskipið upp að togaranum, og kl. 00.07 var lagt að honum og 2 menn settir um borð í hann. Kl. 00.10 var „bauja“ sett út við hlið togarans. Var þetta togarinn Edison, O. 86, frá Ostende og skipstjóri hans ákærði í máli þessu. Togarinn var með vörpuna utan borðs, og var verið að taka hana inn. Fiskur var í vörpunni. — Togaranum var lagt fyrir að halda sig við „baujuna“. Kl. 00.22 setti varðskipið út vegmæli við „baujuna“ og mældi vegalengdina upp að vesturbrún Tvískerja, og reyndist hún vera 4.1 sjóm., stefna m/v N a A  $\frac{1}{2}$  A. Mótsett stefna var stýrð frá Tvískerjum og út að „baujunni“, og mældist vegalengdin þá 4.0 sjóm. Var síðan andæft við „baujuna“ og beðið eftir, að eitthvað létti til, svo að unnt væri að gera nákvæmari staðarákvarðanir. — Kl. 04.28 létti dálítið til, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við „baujuna“: Ingólfshöfði í r/v  $251^\circ >$  í Salthöfða  $21^\circ 40'$ . Fleiri staðir sáust ekki.

Kl. 04.58 sást grilla í Tvísker, og miðuðust þau í r/v  $4^\circ$ , en höfðarnir voru þá horfnir í þoku. Í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar og að ósk ákærða var ákveðið að bíða á staðnum, þar til létti til. Um kvöldið kl. 21.50 létti til, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við „baujuna“:

Ingólfshöfði

$> 21^\circ 40'$

Salthöfði

$> 88^\circ 00'$

Tvísker

Dýpi 165 m, og gefur það stað skipsins 1.3 sjóm. innan landhelgislínu.

Að loknum mælingum varðskipsins fór togarinn að „baujunni“, setti út vegmæli og mældi vegalengdina upp á móts við Tvísker og til baka aftur. Að því loknu kvaðst ákærði tilbúinn til burtferðar. Var „baujan“ síðan tekin upp, og kl. 23.17 lagði varðskipið af stað

með togarann til Vestmannaeyja. Komu skipin til Vestmannaeyja upp úr hádeginu í gær og lögðust þar við bryggju kl. 12.43. Þoka var og súld og SA-gola, dálítill SV-sjór.

Ákærði viðurkenndi fyrir réttinum, að ofangreind skýrsla væri að öllu leyti rétt. Hann kveðst hafa verið að taka inn vörpuna, er varðskipið kom að, en vegna dimmviðris hefði hann ekki vitað, hvar hann var staddur nákvæmlega. Eftir að létti upp, hafi honum verið ljóst, að hann hafði verið að toga innan landhelgislínu. Hann hefur því viðurkennt að hafa gerzt sekur um það brot, sem ákæran beinist að. Af hálfu skipseigenda hefur sú mótbára verið sett fram, að íslenska ríkið hafi ekki haft heimild til að ákveða landhelgislínnuna eins og gert var í tilskipun nr. 21/1952, en ekki virðist ástæða til að taka það atriði til meðferðar hér fyrir réttinum.

Með framburði skipherra varðskipsins og 1. stýrimanns, sem var á þá leið, sem að ofan er lýst, og með játningu ákærða, verður að telja sannað, að hann hafi að kvöldi hins 23. júní 1953 verið að togveidum á skipi sínu Edison, O. 86, innan við landhelgislínu suðvestur af Tvískerjum. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5. frá 1920, sbr. lög nr. 82 8. des. 1952, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 frá 1951. Samkv. mælingabréfi er togarinn Edison, O. 86, að stærð 219.95 rúml. brúttó, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi ísl. krónu í dag þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlacrónum.

Þar eð ákærði hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni, þykir refsing hans samkv. 3. gr. l. nr. 5/1920, sbr. 1. gr. l. nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 74.000,00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Edison, O. 86, skal gert upptækt, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

#### Dómsorð:

Ákærði, Gaston Heinderson, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í b/v Edison, O. 86, er gert upptækt, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.